



Móttaka nýrra nemenda

Móttaka innflytjenda í Grunnskóla Reyðarfjarðar

- Áður en nýr nemandi kemur er mikilvægt að undirbúa nemendur skólans og starfsfólk vel. Segja þarf frá hvaðan nemandinn kemur og úr hvaða aðstæðum eins og kostur er. Mikilvægt er að undirbúa bekkjarfélaga nemandans vel, fræðast um landið sem nemandinn kemur frá, tungumálið, siði og venjur. Mikilvægt er að nemandinn finni að hann er velkominn og skipti máli.

1. Fyrsta heimsókn í skólann og móttökuviðtal

- Tekið á móti nemanda og foreldrum hans í anddyri ásamt nemanda úr bekknum hans og túlki ef með þarf. Gaman ef hægt er að taka á móti nemandanum með spjaldi sem á stendur velkomin, á hans tungumáli. Gengið um skólann og sýndar kennslustofur og aðstaða skólans.
- Móttökuviðtal. Í því viðtali er umsjónarkennari, skólastjórnendur, túlkur ef þarf og fulltrúar félagsþjónustunnar og Rauða krossins ef um flóttamenn er að ræða.
- Á þessum fundi er farið yfir innritunareyðublað fyrir hvern nemanda, sjá bls. 4-5. Umsjónarkennari ritar niður fyrir sinn nemanda. Einn tekur að sér að stýra viðtalinu með aðstoð túlksins ef þarf.
- Nemendur fá afhenta myndræna stundatöflu og farið er vel yfir hana. Komi nemendur frá fjarlægum löndum eða úr erfiðum aðstæðum eins og flóttamannabúðum eru nemendur skertan skóladag a.m.k. fyrstu vikuna þ.e. fram að hádegi á meðan verið er að aðlagast framandi umhverfi.
- Farið yfir skóladagatal og skólareglur. Stuðst er við myndrænar skólareglur ef þarf.
- Farið yfir nauðsynleg símanúmer í skólanum og hvernig tilkynna á forföll og biðja um frí.
- Farið yfir þau gögn sem nemandinn þarf að hafa með sér í skólann s.s. skólatösku, íþróttaföt og sundföt og það sem skólinn útvegar s.s. námsgögn og kennslugögn.
- Bókasafnið kynnt.





2. Fyrstu skrefin í skólanum

- Fyrstu vikurnar einkennast af aðlögun sem er einstaklingsmiðuð og tekur mið af þeim aðstæðum og umhverfi sem nemandinn er að koma úr.

Aðlögun nemenda sem koma frá löndum sem standa okkur nærri í siðum, venjum og aðstæðum.

- Aðlögunin felst í einstaklingsmiðaðri íslenskukennslu sem fer eftir aldri og aðstæðum. Yngri nemendur fara yfirleitt beint inn í sinn umsjónarbekk en eiga rétt á stuðningi og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Eldri nemendur eiga rétt á meiri stuðningi í íslensku og dvelja þeir mismikið í námsveri en það er einstaklingsmiðað.

Aðlögun nemenda sem koma sem flóttamenn frá fjarlægum löndum eða úr flóttamannabúðum.

- Fyrstu vikuna er nemandinn með skerta stundatöflu til að aðlagast framandi aðstæðum. Hann fer með bekknum sínum í nesti og svo út í frímínútur þar sem bekkjarfélagar hans skiptast á að bera ábyrgð á honum, sýna honum umhverfið og kynna hann fyrir öðrum nemendum. Annars er nemandinn í íslenskukennslu með túlki/kennara. Æfður er einfaldur orðaforði eins og ég heiti..., hvað heitir þú..., ég á heima..., ég er ...ára og æfðar tölur upp í 10. Í þessari viku er farið í samfélagsfræði, Ísland kynnt, landshlutinn og bærinn okkar. Farið í gönguferðir um bæinn og hann þannig kynntur nemandanum. Farið í íþróttahúsið, það skoðað og kynntar reglur sem þar gilda og eins er íþróttahöllin skoðuð. Farið yfir hvaða íþróttir nemendur geta stundað fyrir utan skóla. Nemandinn er hvattur til að koma í höllina og horfa á fótboltaæfingar.
- **Mikil áhersla er lögð á að fara vel yfir myndrænar skólareglur.**
- Í annarri viku er skóladagur lengdur til 13:10. Þá er hádegismatur tekinn inn í. Nemandinn fer í smíðjuhópa með bekkjarfélögum sínum og íþróttir sem og nesti. Þess utan stundar hann íslenskunám í námsveri. Byrjað að leggja inn bókstafi auk þess sem talnakennslu og fræðslu um samfélag er haldið áfram. Farið yfir skóladagatalið og þá viðburði sem framundan eru. Æfðir dagar, mánuðir og skoðað dagatal.





- Í þriðju viku eykst þátttaka í bekkjarstarfi. Nemandinn tekur þá þátt í íþróttatímum, smiðjutímum, nestistímum, einum lífsleiknitíma á viku og öllum stærðfræðitímum með sitt stærðfræðiefni.
- Fjórða vika eins og sú þriðja. Í þeirri viku eru vel útskýrt fyrir nemendum það sem fram undan er á skóladagatali.
- Eftir fjórar vikur í aðlögun er smám saman fjölgað tímum inn í bekk eftir aðstæðum og nemendum.

Ábyrgð á námi innflytjenda

Kennarar skólans bera ábyrgð á því að haga kennslunni þannig að allir nemendur skólans séu virkir þátttakendur.

Umsjónarkennarar og kennarar nemenda með íslensku sem annað mál bera sameiginlega ábyrgð á námsframvindu nemenda sem ekki hafa náð nægjanlegri færni í íslensku til þess að fylgja jafnöldrum sínum eftir í náminu.

Hengja þarf upp orðmyndir um allan skólann til að styðja við íslenskukennsluna og einnig í íþróttahús og smiðjustofur. Reynslan hefur sýnt að gott er að hafa mynd og orðmynd saman.





Móttökuviðtal

Nafn nemenda	
Kennitala	
Upprunaland	
Móðurmál	
Hvenær kom nemandinn til Íslands?	
Nafn móður	
Upprunaland móður	
Móðurmál móður	
Nafn föður	
Upprunaland föður	
Móðurmál föður	
Tungumál töluð á heimilinu	
Trúarbrögð	
Bjó fjölskyldan í þéttbýli/dreifbýli í heimalandi sínu	
Ofnæmi / Sérfæði	
Hvað heitir bærinn/héraðið	





Fyrri skólaganga Leikskóli Grunnskóli	
Skólaganga almennt í heimalandi	
Var nemandinn ánægður í skóla	
Hvað fannst honum skemmtilegast að gera	
Hvað var leiðinlegast	
Hefur nemandinn skipt um skóla áður	
Ef já, hvers vegna	
Fór kennsla fram á móðurmáli nemandans	
Ef ekki, á hvaða tungumáli	
Skilur og/eða talar nemandinn annað mál en móðurmál	
Er nemandi læs	
Er nemandi skrifandi	
Er nemandi læs á vestrænt stafróf	
Á nemandi við námsörðugleika að stríða	
Ef já, hvaða	
Liggur fyrir greining	
Hvernig er skapgerð nemenda lýst best	
Annað	

